

Það sem lagt er til að falli út er ~~yfirstrikað~~

Það sem lagt er til að bætist við er **rauðmerkt**



## Lög Knattspyrnufélagsins Víkinga

### 1. grein – Nafn

- 1.1 Nafn félagsins er Knattspyrnufélagið Víkingur. Aðsetur þess og varnarþing er í Reykjavík.

### 2. grein – Aðild að íþróttahreyfingunni

- 2.1 Knattspyrnufélagið Víkingur er aðili að Íþróttabandalagi Reykjavíkur og hlýtur þannig aðild að Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSí). Félagið er háð lögum þeirra og reglum.

### 3. grein – Markmið

- 3.1 Markmið Knattspyrnufélagsins Víkinga félagsins er að iðka og útbreiða íþróttir og stuðla að heilbrigðu og þroskandi félagslífi, í samræmi við gildandi íþróttanámsskrá félagsins á hverjum tíma og gildandi stefnu ÍSí um barna-, unglunga- og afreksíþróttir. Rekstur félagsins er einskorðaður við hagsmuni þess og þeirrar starfsemi sem tengist iðkun íþróttar. Félagið er ekki rekið í hagnaðarskyni.

### 4. grein – Deildaskipting

- 4.1 Knattspyrnufélaginu Víkingi Félaginu er skipt í deildir eftir íþróttagreinum og hefur hver deild eigin stjórn og eigin fjárhag. Allar deildir lúta aðalstjórn, sem fer með æðsta vald í málefnum félagsins á milli aðalfunda og mótar starfsemi félagsins í samráði við stjórnir deilda.

### 5. grein – Félagsaðild Innganga

- 5.1 Félagi í Knattspyrnufélaginu Víkingi verður sá einn, sem skráður er í félagatal. Félagið er opið öllum sem áhuga hafa á að starfa innan þess að íþróttar- og félagsmálum. Það kemur ekki í veg fyrir að krafa sé gerð um greiðslu félagsgjalda. Félagið innheimtir félagsgjöld af þeim sem skráðir eru í félagatal. Allir iðkendur félagsins 18 ára og yngri gerast sjálfkrafa félagar. Þeir gerast sjálfkrafa félagar sem æfa með félaginu, en aðrir skrá sig á þar til gerð eyðublöð.
- 5.2 Sá er gerist félagi í Knattspyrnufélaginu Víkingi skuldbindur sig að virða lög og reglur félagsins og starfa í anda þess. Þó félagsaðild sé öllum frjáls er aðalstjórn félagsins

heimilt að takmarka þátttöku félagsmanna eða útiloka þá frá félagsstarfi á grundvelli brota á lögum og reglum Knattspyrnufélagsins Víkings og/eða íþróttahreyfingarinnar, sbr. 23. grein laganna.

- 5.3 Knattspyrnufélagið Víkingur heldur rafræna skrá yfir félagsmenn sína annars vegar og iðkendur hins vegar. Skráning félagsaðildar tekur gildi þegar viðkomandi hefur verið skráður í rafrænt félagatal félagsins og gildir hið sama er úrsögn tekur gildi með skráningu úr félagatali. Það er á ábyrgð félagsmanns að ganga úr skugga um að skráning/afskráning hafi átt sér stað hjá félagi.

## 6. grein - Merki og búningar

- 6.1 Merki Knattspyrnufélagsins Víkings er skjöldur V-laga, og er V-ið hvítt. Ofantil í V-inu er brúnleitur knöttur, en fyrir neðan hann eru svartar og rauðar lóðréttar rendur. Aðalstjórn gefur út reglur um notkun á merki Víkings.
- 6.2 Ekki er heimilt að breyta merki félagsins en bæta má við félagsmerkið nafni eða merki deildar að fengnu skriflegu samþykki aðalstjórnar.
- 6.3 Búningur er peysa með lóðréttum röndum, svörtum og rauðum. Buxur skulu vera svartar og sokkar svartir, rauðir eða hvítir.
- 6.4 Einstökum deildum skal heimilt að notast við annars konar keppnisbúninga, þar sem við á, að fengnu samþykki aðalstjórnar.

## 7. grein – Fulltrúaráð

- 7.1 ~~Í félaginu starfar fulltrúaráð samkvæmt „Reglugerð fyrir Fulltrúaráð Víkings“.~~
- Innan Knattspyrnufélagsins Víkings starfar fulltrúaráð sem skal vera aðalstjórn félagsins til ráðgjafar um rekstur, starfsemi og önnur þýðingarmikil mál félagsins. Fulltrúaráð skal skipað einstaklingum með yfirgripsmikla, þekkingu á starfsemi félagsins og með að lágmarki fimm ára reynslu af störfum fyrir félagið, í stjórnnum eða ráðum innan vébanda þess eða með áralanga reynslu sem leikmenn eða þátttakendur í keppnisliðum félagsins. Aðalstjórn getur leitað umsagnar fulltrúaráðs þegar þurfa þykir. Skal fulltrúaráð skila umsögn sinni svo fljótt sem verða má. Enn fremur getur fulltrúaráð að eigin frumkvæði beitt sér fyrir framkvæmdum ýmissa mála að höfðu samráði við aðalstjórn. Umsögn fulltrúaráðs er ekki bindandi fyrir aðalstjórn en skal að jafnaði höfð til hliðsjónar.
- 7.2 Stjórn fulltrúaráðs skal skipuð 5 einstaklingum, sem aðalstjórn tilnefnir annað hvert ár og samþykkt er á aðalfundi félagsins.

## 8. grein – Reikningar

- 8.1 Aðalstjórn annast færslu bókhalds og hefur eftirlit með fjárreiðum allra deilda félagsins.
- 8.2 Aðalstjórn gerir heildar rekstrar- og efnahagsreikning yfir allan fjárhag félagsins. Ársuppgjör deilda fyrir síðastliðið reikningsár skal lokið fyrir 15. ~~apríl~~ mars ár hvert.

Ársuppgjöri félagsins skal lokið fyrir 30. apríl ár hvert. Skoðunarmenn eru hinir sömu fyrir aðalstjórn og deildir.

### 8.3 Starfs- og reikningsár félagsins er almanaksárið.

## 9. grein - Aðalfundur félagsins

- 9.1 Aðalfundur Knattspyrnufélagsins Víkings skal haldinn eigi síðar en fyrir lok maí ár hvert.
- 9.2 Til aðalfundar skal boðað með auglýsingu á samfélagsmiðlum félagsins með minnst **tveggja vikna** fyrirvara. Einnig skal auglýsa fundinn með sama fyrirvara í húsakynnum félagsins.
- 9.3 Aðalfundur hefur æðsta vald og ákvörðunarrétt í öllum málefnum félagsins.
- 9.4 Aðalfundur telst lögmætur, ef löglega er til hans boðað.
- 9.5 **Aðeins skráðir félagar í félagatal Knattspyrnufélagsins Víkings og staðið hafa skil á félagsgjöldum eiga seturétt að aðalfundi félagsins til Knattspyrnufélagsins Víkings** ~~Allir félagar í Víkingi geta setið aðalfund sem áheyrnarfulltrúar með málfrelsi og tillögurétt.~~
- 9.6 Allir félagar ~~18~~16 ára og eldri eru kjörgengir sem fulltrúar á aðalfund félagsins.
- 9.7 Atkvæðisrétt hafa eftirfarandi fulltrúar sem eru skipaðir af stjórn hverrar deildar eða ráðs:
  1. 23 fulltrúar knattspyrnudeildar.
  2. 17 fulltrúar handknattleiksdeildar.
  3. 6 fulltrúar skíðadeildar.
  4. 5 fulltrúar borðtennisdeildar.
  5. 6 fulltrúar fulltrúaráðs.
  6. 5 fulltrúar tennisdeildar.
  7. 5 fulltrúar karatedeildar.
  8. 5 fulltrúar almenningsdeildar.
  9. 5 fulltrúar hjóladeildar
- 9.8 Í upphafi aðalfundar skal afhenda kjörbréf þeirra fulltrúa sem fundinn sækja.
- 9.9 Enginn fulltrúi má fara með meira en 1 atkvæði á aðalfundi félagsins.
- 9.10 **Einfaldur meirihluti ræður úrslitum mála á aðalfundi en um lagabreytingar fer samkvæmt 10. gr. Kosning skal fara fram með handauppréttingu. Einfaldur meirihluti getur krafist þess að kosning sé skrifleg. Heimilt er að hafa kosningu með rafrænum hætti.**

## 10. grein - Lagabreytingar

- 10.1 Tillögur til lagabreytinga skulu berast aðalstjórn eigi síðar en 3 einni viku fyrir aðalfund.
- 10.2 Aðalstjórn skal kynna stjórnnum allra deilda tillögur til lagabreytinga minnst 3 dögum viku fyrir boðaðan aðalfund félagsins. Þó má taka fyrir tillögur til lagabreytinga ef 2/3 atkvæðisbærra fundarmanna samþykkja.
- 10.3 Til lagabreytinga þarf samþykki 2/3 greiddra atkvæða.
- ~~10.13 Aðrar tillögur sem lagðar eru fram á aðalfundi hljóta samþykki með einföldum meirihluta, sjá þó 23. gr.~~

## 11. grein - Kosning aðalstjórnar

- 11.1 Formaður aðalstjórnar skal kosin á aðalfundi til eins árs í senn.
- 11.2 Jafnframt skal kjósa þrjá (3) meðstjórnendur til tveggja ára í senn. Auk þess skal kjósa einn (1) mann í varastjórn til tveggja ára í senn.
- 11.3 Þau sem bjóða sig fram til setu í aðalstjórn skulu á aðalfundi hafa verið með skráða félagsaðild hjá Knattspyrnufélaginu Víkingi í a.m.k. einn mánuð á undan og hafa greitt félagsgjöld. Jafnframt skulu þeir sem bjóða sig fram til setu í aðalstjórn vera lögráða, fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu þremur árum hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga eða skattalögum. Óheimilt er að velja einstaklinga sem vitað er til að hafi hlotið refsidóma vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940 til starfa innan íþróttahreyfingarinnar.
- 11.4 Tilkynningar um framboð til embætta sem kosið er um skulu hafa berist skrifstofu félagsins með sannanlegum hætti minnst einni viku fyrir aðalfund. Kjörnefnd er þó heimilt að samþykkja framboð sem fram kemur síðar ef nægjanlegur fjöldi hefur ekki tilkynnt framboð sitt innan tilkynningarfrests.

## 12. grein – Aukaaðalfundur

- 12.1 Aukaaðalfundur má halda, ef aðalstjórn telur þess þörf, eða ef  $\frac{3}{4}$  hluti deilda félagsins krefjast þess skriflega. Um aukaaðalfund gilda sömu ákvæði og um aðalfund.
- 12.2 Á aukaaðalfundi má ekki gera lagabreytingar eða kjósa stjórn, nema aðeins bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum eða aðalstjórn hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf.

## 13. grein - Dagskrá aðalfundar félagsins

- 13.1 Á aðalfundi félagsins skulu tekin fyrir eftirfarandi málefni:
  1. Kosning í þriggja (3) manna í kjörbréfanefnd.
  2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.

3. Skýrsla aðalstjórnar, er leggur fram heildarskýrslu um starfsemi og framkvæmdir á vegum félagsins á liðnu starfsári.
  4. Skýrsla um fjárhag félagsins þar sem lagður er fram til samþykktar endurskoðaður efnahags- og rekstrarreikningur félagsins í heild.
  5. Tillögur að lagabreytingum lagðar fram til samþykktar.
  6. Kosning formanns til eins árs.
  7. Kosning þriggja (3) manna í stjórn til tveggja ára og eins (1) í varastjórn til tveggja ára.
  8. Kosning tveggja (2) skoðunarmanna.
  9. **Kosning þriggja (3) manna í kjörnefnd til eins árs.**
  10. Önnur mál.
  11. Fundargerð lesin upp og skráðar athugasemdir ef fram koma.
- 13.2 **Dagskrá aðalfundar og tillögur sem lagðar verða fram skulu gerð aðgengileg félagsmönnum eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 3 dögum fyrir aðalfund.**

#### **14. grein - Verksvið aðalstjórnar**

- 14.1 Á fyrsta stjórnarfundinum eftir aðalfund félagsins skiptir aðalstjórn með sér verkum og skipar varaformann, ritara, gjaldkera og þrjá meðstjórnendur.
- 14.2 Aðalstjórn ber að efla félagið og gæta hagsmuna þess í hvívetna. **Aðalstjórn hefur heimild til að setja nauðsynlegar reglugerðir sem snúa að framkvæmd laga þessara og starfsemi félagsins.**
- 14.3 Aðalstjórn fer með fjármál félagsins og ber endanlega ábyrgð á fjármálum allra deilda félagsins. Þá hefur aðalstjórn umráðarétt yfir öllum eigum félagsins, nema umráðaréttur tiltekinna eigna hafi verið framseldur sérstaklega til einstakra deilda.
- 14.4 Aðalstjórn skal boða á fund sinn formenn deilda eftir því sem þurfa þykir og eigi sjaldnar en árlega til viðræðna um málefni einstakra deilda. Formenn deilda skulu þá gefa skýrslur um starfsemi og fjárhag deilda og ræða sameiginleg mál.
- 14.5 Aðalstjórn ákvarðar félagsgjöld og skal halda **félagatal** skrá yfir alla meðlimi félagsins.
- 14.6 Formaður boðar stjórnarfundum, þegar hann eða meiri hluti stjórnar telur nauðsynlegt og er stjórnarfundur ályktunarhæfur ef a.m.k. 4 (fjórir) stjórnarmenn eða varastjórnarmenn sækja fund.
- 14.7 Aðalstjórn skal færa fundargerðir í sérstaka fundargerðabók, en samþykki meirihluta fundarmanna þarf til einstakra ákvarðana og ályktana aðalstjórnar. **Í þeim tilvikum er atkvæði falla jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum til einstakra ákvarðana.**

- 14.8 Stjórnarmenn skulu ekki taka þátt í afgreiðslu mála ef fyrir hendi eru aðstæður sem eru til þess fallnar að draga óhlutdrægni þeirra í efa með réttu.
- 14.9 Aðalstjórn er heimilt að skipa þær nefndir og ráð innan félagsins, sem hún telur þörf fyrir og setja þeim reglur.
- 14.10 Aðalstjórn ræður framkvæmdastjóra að félaginu og ákveður kjör hans. Skal verksvið framkvæmdastjóra vera daglegur rekstur félagsins og mannvirkja þess, umsjón með bókhaldi og fjárreiðum, samskipti við sveitarfélög, íþróttahreyfinguna, önnur íþróttafélög og þess háttar. Starfssvið framkvæmdastjóra skal útfært nánar í starfslýsingu sem aðalstjórn setur.

### 15. grein - Styrktar- og afrekssjóðir

- 15.1 Aðalstjórn ber ábyrgð á styrktarsjóði félagsins og setur um hann reglugerð.
- 15.2 Aðalstjórn skal einnig setja reglur um afrekssjóði félagsins.

### 16. grein - Aðalfundir deilda

- 16.1 Hver deild skal halda aðalfund eigi síðar en fyrir lok aprílmánaðar ár hvert og skal hann auglýstur með að minnsta kosti **tveggja vikna 7-daga** fyrirvara. Þó er heimilt að halda aðalfund deilda á öðrum tíma, ef sérstök ástæða þykir til, en til þess þarf samþykki aðalstjórnar hverju sinni. Á lögsmætum aðalfundi hafa **þeir félagsmenn einir atkvæðisrétt, allir viðstaddir félagar 18 ára og eldri 14 ára og eldri** sem skráðir eru í félagatal Knattspyrnufélagsins Vikings og greitt hafa félagsgjöld. ~~atkvæðisrétt.~~
- 16.2 Þau sem bjóða sig fram til setu í stjórn deildar skulu uppfylla sömu hæfisskilyrði og gilda um aðalstjórn, sbr. gr. 11.3.
- 16.3 Tilkynning um framboð til setu í stjórn deildar skal berast skrifstofu viðkomandi deildar og aðalstjórn félagsins minnst einni viku fyrir aðalfund. Aðalstjórn félagsins er þó heimilt að samþykkja framboð sem fram kemur síðar ef nægjanlegur fjöldi hefur ekki tilkynnt framboð sitt innan tilkynningarfrests.
- 16.2 Um kosningu í stjórnir deilda og afgreiðslu mála á aðalfundi deilda fer eftir 18. gr.

### 17. grein – Aðalfundarvanræksla

- 17.1 Vanræki deild að halda aðalfund fyrir tilsettan tíma, skal aðalstjórn boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.

### 18. grein - Dagskrá aðalfunda deilda

- 18.1 Á aðalfundum deilda skulu tekin fyrir eftirfarandi málefni:
1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
  2. Skýrsla formanns. Skýrsla (ásamt móta- og leikmannaskýrslum) skal liggja frammi.
  3. Gjaldkeri gerir grein fyrir endurskoðuðum reikningum.

4. Kosning formanns.
5. Kosning ~~tveggja (2), fjögurra (4) eða sex (6) manna~~ stjórnar, samkvæmt sameiginlegri ákvörðun aðalstjórnar og fráfarandi stjórnar viðkomandi deildar **sem skal liggja fyrir þegar aðalfundur er auglýstur.**
6. Kosning ~~tveggja (2) til þriggja (3) manna~~ í varastjórn, samkvæmt sameiginlegri ákvörðun aðalstjórnar og fráfarandi stjórnar viðkomandi deildar **sem skal liggja fyrir þegar aðalfundur er auglýstur.**
7. Önnur mál.
8. Fundargerð lesin upp og skráðar athugasemdir ef fram koma.

### **19. grein - Verksvið deildastjórna**

- 19.1 Kjörnir stjórnarmenn hvernar deildar skipta með sér verkum, þannig að auk formanns skal vera varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnendur, þar sem stjórnarmenn eru fjórir eða fleiri, en gjaldkeri og ritari þar sem stjórnarmenn eru tveir.
- 19.2 Formaður boðar stjórnarfundir, sem skylt er að halda reglulega og skulu fundargerðir færðar í sérstaka fundargerðabók.
- 19.3 Hver deild hefur sjálfstæðan fjárhag. Stjórnir deilda skulu annast allan daglegan rekstur og til deildanna rennur ágóði sem kann að verða af starfsemi þeirra.
- 19.4 Deildastjórnir skulu árlega leggja fram hallalaus rekstraráætlun til aðalstjórnar og fá hana samþykka áður en þær gangast undir fjárhagslegar skuldbindingar. Aðalstjórn ber ekki ábyrgð á öðrum fjárskuldbindingum deilda en þeim sem getið er um í rekstraráætlun sem hlotið hefur samþykki með áritun sérstaks fjárhagsráðs aðalstjórnar sem skipað skal formanni, varaformanni og gjaldkera félagsins. Frávik frá rekstraráætlun og allar viðameiri fjárhagslegar skuldbindingar deilda skal bera undir fjárhagsráð aðalstjórnar með sama hætti.
- 19.5 Aðalstjórn hefur á hverjum tíma rétt til að skoða bókhald og fjárreiður deilda og getur í því skyni tilnefnt sérstakan trúnaðarmann til slíkra verka, sem getur komið með fyrirhælt og tillögur til úrbóta ef þurfa þykir.
- 19.6 Stjórnir deilda er heimilt að innheimta æfingagjöld af félögum deildarinnar. Stjórnir skulu halda skrá yfir alla félaga viðkomandi deilda og skal afrit af ~~henni~~ **þeim** sent aðalstjórn.

### **20. grein – Eignir**

- 20.1 Eignir hvernar deildar eru sameign félagsins. Hætti einhver deild störfum renna eignir hennar óskiptar til aðalstjórnar.

## **21. grein - heiðursfélagar og heiðursmerki**

- 21.1 Viðurkenningu fyrir störf í þágu félagsins eða íþróttahreyfingarinnar, svo og fyrir íþróttarárangur, veitir aðalstjórn samkvæmt „Reglugerð um heiðursfélaga og heiðursmerki Knattspyrnufélagsins Víkings”.

## **22. grein – Úrsögn**

- 22.1 Skrifleg úrsögn úr félaginu er heimil hvenær sem er. Úrsögn skal komið til skrifstofu aðalstjórnar.

## **23. grein -Brottrekstur**

- 23.1 Hafi félagsmaður brotið lög þessi eða með framkomu sinni vegið að heiðri félagsins og markmiðum er aðalstjórn heimilt að víkja honum úr félaginu. Skylt er aðalstjórn að boða viðkomandi félagsmann á sinn fund og gefa honum kost á að koma á framfæri andmælum. Ákvörðun aðalstjórnar um brottrekstur er gild, ef  $\frac{3}{4}$  stjórnarmanna samþykkja brottreksturinn.

## **24. grein - Veðsetning fasteigna**

- 24.1 Til veðsetningar fasteigna þarf samþykki  $\frac{3}{4}$  stjórnarmanna aðalstjórnar.

## **25. grein - Sala fasteigna og félagsslit**

- 25.1 Sala fasteigna telst því aðeins lögmæt hafi  $\frac{3}{4}$  stjórnarmanna aðalstjórnar samþykkt hana. Að auki þarf  $\frac{2}{3}$  atkvæðisbærra félaga á lögmætum aðalfundi að samþykkja söluna.
- 25.2 Félagsslit geta ekki öðlast gildi nema aðalstjórn samþykki þau og tveir (2) lögmætir aðalfundir (**aðalfundur og aukaáðalfundur**) hafi samþykkt félagsslit með  $\frac{2}{3}$  hluta greiddra atkvæða.
- 25.3 Aðalfundi **og aukaáðalfund** vegna félagsslita skal halda með minnst fjögurra (4) vikna millibili og mest átta (8) vikna millibili.

## **26. grein – Samstarf**

- 26.1 Félagið skal vera innan vébanda ÍBR og ÍSÍ.

## **27. grein - Gildistaka.**

- 27.1 Lög þessi öðlast gildi **við samþykki þeirra á aðalfundi Knattspyrnufélagsins Víkings og að lokinni staðfestingu ÍBR og ÍSÍ þegar í stað** og falla þá úr gildi eldri lög félagsins.

*Samþykkt á aðalfundi Knattspyrnufélagsins Víkings*

*Reykjavík, xx. maí 2026*